

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 85/2020

frá 12. júní 2020

um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2075 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (IAS-staðla) 1, 8, 34, 37 og 38, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 2, 3 og 6 og 12., 19., 20. og 22. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkunir) og 32. túlkun fastanefndarinnar um túlkunir (SIC-túlkun) ⁽¹⁾.
- 2) XXII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 10ba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008) í XXII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32019 R 2075**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2075 frá 29. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/2075, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 316, 6.12.2019, bls. 10.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 12. júní 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING